



## Samráðsgátt stjórnvalda, fjármála- og efnahagsráðuneyti

Mál nr. 187/2021

Reykjavík, 14. október 2021

### Umsögn um drög að reglugerð um upplýsingagjöf og tilkynningarskyldu skv. lögum nr. 20/2021 um upplýsingaskyldu útgefenda verðbréfa og flöggunarskyldu.

Samtök fjármálafyrirtækja (SFF) vísa til draga að reglugerð um upplýsingagjöf og tilkynningarskyldu skv. lögum nr. 20/2021 um upplýsingaskyldu útgefenda verðbréfa og flöggunarskyldu sem birtist í samráðsgátt stjórnvalda þann 1. október síðastliðinn. Vísað er til þess í drögunum að lagastoð reglugerðarinnar verði sótt til 55. gr. laga nr. 20/2021.

Athugasemdir samtakanna við drögin fara hér á eftir.

#### Hugtakanotkun reglugerðarinnar

Í drögunum er á nokkrum stöðum notað hugtakið „skipulegur verðbréfamarkaður“. Reglugerðin er sett með stoð í 55. gr. laga nr. 20/2021 en í þeim lögum kemur fram að með hugtakinu skipulegur verðbréfamarkaður sé átt við skipulegan verðbréfamarkað samkvæmt lögum um verðbréfavíðskipti. Vakin er athygli á því að með 148. gr. laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga var m.a. gerð sú breyting á lögum um verðbréfavíðskipti að í stað hugtaksins „skipulegur verðbréfamarkaður“ kom „skipulegur markaður“. Í kafla 4.3. í athugasemdum við frumvarpið kemur fram að að enska orðasambandið regulated market verði þýtt sem „skipulegur markaður“ í stað „skipulegur verðbréfamarkaður“ áður. Breytingin helgist af því að hin nýja þýðing er nær frumtextanum og auk þess verða ekki aðeins verðbréf sem munu ganga kaupum og sölum á markaðinum. SFF benda á að mikilvægt er að ganga úr skugga um hvort að hugtakanotkun er rétt að þessu leyti í drögunum að reglugerðinni.

#### Um 5. gr.

Í 5. gr. er vísað í 28. gr. laga nr. 20/2021, sem ætla má að sé röng tilvísun og eigi að vera tilvísun í 25. gr. laganna.

Í síðustu málsgrein 5. gr. er vísað til 116. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti en hún var felld út úr lögnum með 148. gr. laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga.

#### Um 21. gr.

Vísa ætti til a-liðar en ekki 1. tölul. 3. mgr. 32. gr. laga nr. 20/2021 um upplýsingaskyldu útgefenda verðbréfa



Samtök  
fjármálafyrirtækja

og flöggunarskyldu.

**Um 22. gr.**

Ætla má að vísa eigi til 8. gr. en ekki 9. gr. reglugerðarinnar í síðustu málsgrein 22. gr.

Virðingarfyllst,

F.h. Samtaka fjármálafyrirtækja,

A handwritten signature in blue ink, which appears to read 'Jóna Björk Guðnadóttir', is centered on a light blue rectangular background.

---

Jóna Björk Guðnadóttir, yfirlögfræðingur